



**Landstólpi ehf**

Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Tel.: +354 480 5600

**Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
Árnesi  
804 Selfossi**

Sent á netfangið: [bjarnihas@skeidgnup.is](mailto:bjarnihas@skeidgnup.is)

Gunnbjarnarholti 14. ágúst 2020  
ABE/ei

**Varðar:** Holtabraut 1 og 3, Brautarholti

Í framhaldi af fundi í morgun með starfandi sveitarstjóra, Bjarna H. Ásbjörnssyni fer Landstólpi ehf. hér með fram á að gatnagerðargjöld vegna Holtabrautar 1 og 3 í Brautarholti verði ekki hærra en **5.651.590 kr.** samtals fyrir báðar lóðir.

Ofangreind beiðni er með vísun í 6. grein laga nr. 153/2006 þar sem fram kemur heimild sveitarstjórnar til lækkunar/niðurfellingar gatnagerðargjalda við aðstæður sem fyrirtækið telur að séu fyrir hendi varðandi fyrirhugaðar byggingar. Jafnframt telur Landstólpi að ofangreind fjárhæð sé í samræmi við gildandi samþykkt nr. 90/2019 um gatnagerðargjöld í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og vísar þar sérstaklega í síðustu málsgrein 4. greinar samþykktarinnar.

Ennfremur óskar Landstólpi ehf. eftir staðfestingu á því að ráðstöfun gatnagerðargjalda umræddra lóða verði skv. 2. grein samþykktarinnar og skilgreind aðkomugata lóðanna, norðan húsanna, lögð á kostnað sveitarfélagsins enda sveitarfélagið bæði eigandi og veghaldari götunnar í skilningi vegalaga nr. 80/2007.

Með fyrirfram þökk og ósk um jákvæða afgreiðslu,

  
\_\_\_\_\_  
Arnar Bjarni Eiríksson,  
framkvæmdastjóri